

Eintak án trúnaðarupplýsinga

Ákvörðun nr. 11/2023  
Fimmtudagurinn 23. mars 2023

## Sala Gleðipinna I – samruni Gleðipinna hf., Kaupfélags Skagfirðinga svf., og Háa kletts ehf.

### I. Samantekt

- Með ákvörðun þessari er lokið rannsókn á kaupum Kaupfélags Skagfirðinga svf. („KS“) og Háa kletts ehf. („HK“) á Gleðipinum hf., af Granat hf., Hinum ehf., Jöklaborg ehf., Eldheimum ehf. og ÞR ehf. Er niðurstaða rannsóknarinnar að ekki sé ástæða til íhlutunar vegna samrunans, á grundvelli samkeppnislaga.
- Mál þetta er annað af tveimur málum sem tilkynnt var eftirlitinu samhliða og grundvallast á einum og sama kaupsamningi. Varðar samningurinn í meginatriðum breytingar á eignarhaldi á veitinga- og skyndibitastöðum og afþreyingar- og íþróttastarfsemi á höfuðborgarsvæðinu.
- Það mál sem hér er til umfjöllunar varðar nýtt eignarhald KS og Háa Kletts á Hamborgarafabrykkunni, Aktu Taktu, American Style og Blackbox. Hitt málið varðar síðan sameiginlegt eignarhald KS, Háa kletts og hluthafa Gleðipinna (seljenda) á Rush Trampólíngarði, Keiluhöllinni og Shake & Pizza, sbr. ákvörðun nr. 12/2023, *Gleðipinnar II*.
- KS er öflugur framleiðandi matvæla, en stundar jafnframt fjölþætta starfsemi, m.a. rekstur skyndibitastaða á höfuðborgarsvæðinu. Háa klettur er í eigu Árna Péturs Jónssonar. Gleðipinnar hafa verið í eigu ýmissa aðila sem komið hafa að rekstri veitinga- og skyndibitastaða og afþreyingarstarfsemi.
- Athugun Samkeppniseftirlitsins eðli máls samkvæmt að áhrifum framangreindra viðskipta á þá markaði sem hin keyptu fyrirtæki starfa aðallega á, þ.e. veitinga- og skyndibitastaði og afþreyingar- og íþróttastarfsemi á höfuðborgarsvæðinu, en einnig að áhrifum á tengda starfsemi sem aðilar málsins stunda, þ.e. einkum vinnslu og sölu á unnum kjötvörum og framleiðslu og sölu á tilbúnum köldum sósam. Að því er varðar síðast nefnda markaðinn er rétt að taka fram að Kjarnavörur hafa um árabíl annast framleiðslu á köldum sósam undir vörumerkjum Hamborgarafabrykkunnar, Blackbox og Shake & Pizza. Samhliða þessum málum rannsakaði Samkeppniseftirlitid kaup KS á Gunnars majónesi, sbr. ákvörðun nr. 1/2023.
- Rannsókn þessi fór fram innan lögbundinna tímafresta í samrunamáli. Að lokinni fyrstu rannsókn (fasi I) reyndist nauðsynlegt að rannsaka áhrif viðskiptanna frekar (fasi II), ekki síst möguleg áhrif þess að KS rekur umsvifamikla kjötafurðastöð, þjónustar og er birgir fjölmargra veitingastaða og eldhúsa, er einn af stærstu framleiðendum landsins á köldum sósam og rekur einnig veitingastaði.



7. Undir rannsókn málsins var undirliggjandi kaupsamningi vegna viðskiptanna breytt af samrunaaðilum, með undirrituðum viðauka og samningi um framleiðslurétt á köldum sósum við þriðja aðila. Var samningurinn afhentur Samkeppniseftirlitinu þann 14. febrúar 2023. Leiðir þessi breyting á kaupsamningnum til þess að áhrif viðskiptanna á markað fyrir framleiðslu og sölu á tilbúnum köldum sósum verður óveruleg.
8. Við mat á áhrifum samrunans að öðru leyti horfir Samkeppniseftirlitið til þess að gögn máls þessa gefa til kynna að markaðshlutdeild samrunaaðila á markaði fyrir veitinga- og skyndibitastaði sé enn ekki það há að ástæða sé til íhlutunar á grundvelli mögulegra útilokunaráhrifa. Jafnframt hefur þýðingu í máli þessu að fleiri keppinautar starfa á markaði fyrir slátrun og vinnslu ferskrar og unnar kjötvöru.

## II. Málsmeðferð

9. Formleg rannsókn málsins hófst þann 21. nóvember 2022. Í aðdraganda þess, eða þann 2. nóvember 2022, barst Samkeppniseftirlitinu tilkynning um samrunann, sem reyndist þó ekki fullnægjandi í skilningi reglna nr. 1390/2020, um tilkynningu samruna. Með tölvupóstum dags. 11., 12., 14. og 18. nóvember 2022 bárust Samkeppniseftirlitinu frekari upplýsingar um samrunann. Í kjölfar þess að umræddar upplýsingar bárust var samrunatilkynning samrunaaðila talin fullnægjandi. Frestir til að rannsaka samrunann byrjuðu því að líða þann 21. nóvember 2022, sbr. 17. gr. d samkeppnislaga og 9. gr. reglna nr. 1390/2020 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum.
10. Þann 28. nóvember 2022 sendi Samkeppniseftirlitið umsagnarbeiðnir til helstu keppinauta. Var óskað eftir því að viðkomandi aðilar tjáðu sig almennt um samrunann auk þess að veita rökstudd sjónarmið um hvort þau væru sammála því sem kæmi fram í samrunaskrá um stöðu samrunaaðila á viðkomandi mörkuðum og samkeppnislegum áhrifum samrunans.
11. Þann 1. desember 2022 birti Samkeppniseftirlitið frétt á heimasíðu sinni og hverjum þeim sem eftir því óskaði gefið færi á að koma á framfæri sjónarmiðum vegna samrunans.
12. Við meðferð málsins aflaði Samkeppniseftirlitið upplýsinga hjá fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra um veltu allra fyrirtækja sem skráð voru í ÍSAT atvinnugreinaflokk 561, sundurliðaða eftir skattþrepum fyrir árin 2020, 2021 og fyrstu 6 mánuði ársins 2022.
13. Þann 22. desember 2022 sendi Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum bréf. Annars vegar var um að ræða beiðni um ítarlegar upplýsingar frá samrunaaðilum, um starfsemi þá sem samruninn varðaði og möguleg samkeppnisleg áhrif af yfirtöku á hluta Gleðipinna hf., bæði lárétt, lóðrétt og möguleg samsteypuáhrif. Hins vegar var samrunaaðilum tilkynnt í sama bréfi um að Samkeppniseftirlitið teldi nauðsynlegt að rannsaka áhrif samrunans frekar, einkum áhrif samrunans með tilliti til fjölþættrar starfsemi KS, sem framleiðanda og birgis á matvörum til veitingahúsa. Færi samrunamálið því á annan fasa.
14. Umbeðnar upplýsingar og svör frá samrunaaðilum bárust hinn 19. janúar 2023. Stuttu síðar eða hinn 6. febrúar 2023 sendu samrunaaðilar Háí Klettur og Kaupfélag Skagfirðinga athugasemdir sínar til Samkeppniseftirlitsins vegna umsagnar Kjarnavara hf.
15. Samkeppniseftirlitið fundaði með samrunaaðilum og átti í samskiptum við fyrirsvarsmenn eða lögmenn í janúar og febrúar 2023, m.a. til þess að ræða stöðu samrunamálsins og möguleg skaðleg samkeppnisleg áhrif samrunans, þá sér í lagi vegna starfsemi Kaupfélags Skagfirðinga á margvíslegum tengdum mörkuðum fyrir matvæli og neysluvörur en ljóst var að í hinum



yfirteknu rekstrareiningum Gleðipinna væri m.a. til staðar rekstur í samkeppni við Kaupfélag Skagfirðinga á markaði fyrir sölu á tilbúnum köldum sósum.

16. Þann 14. febrúar 2023 afhentu samrunaaðilar Samkeppniseftirlitinu frekari gögn, nánar tiltekið breyttan kaupsamning málsins með undirrituðum viðauka og undirritaðan samning um framleiðslurétt á köldum sósum við þriðja aðila.
17. Með framangreindri umfjöllun er málsmeðferð eða upplýsingaöflun Samkeppniseftirlitsins ekki lýst með tæmandi hætti. Þannig á Samkeppniseftirlitið við rannsókn samrunamála í margvíslegum samskiptum við keppnauta, markaðsaðila og/eða aðra hagaðila. Þá leit Samkeppniseftirlitið jafnframt til fyrri ákvarðana og gagna sem þar hefur verið aflað um samkeppnisaðstæður á viðkomandi mörkuðum. Eftir því sem við á verður vísað til þessara upplýsinga.

### III. Samruninn

18. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í samruna tveggja eða fleiri fyrirtækja eða hluta úr fyrirtækjum sem áður störfuðu sjálfstætt eða í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yferráðum í heild eða hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna.
19. Í samrunaskrá kemur fram að þann 27. ágúst 2022 var undirritaður kaupsamningur á milli óstofnað félags sem kaupanda og Granats ehf., Hinna ehf., Jöklaborgar ehf., Þórarins Ragnarssonar, Eldheima ehf. og ÞR ehf., sem saman eru hluthafar Gleðipinna hf., sem seljenda, um allt hlutafé Gleðipinna hf. Hið óstofnaða félag utan um eignarhald hluta í Gleðipinum hf. og hluta reksturs félagsins, verður eftir samrunann í jafnri eigu KS og Háa Kletts.
20. Í Gleðipinum hf. eru rekstrareiningarnar Keiluhöllin Egilshöll, sportbar og Shake & Pizza. Þá eiga Gleðipinnar hf. eftirtalin félög/hlut í eftirtöldum félögum:
  - Gleðiheimar ehf., þar sem rekstrareiningarnar Aktu Taktu, American Style, Pítan og Saffran eru.
  - Nautafélagið ehf., þar sem rekstrareiningin Íslenska Hamborgarafabrikan er.
  - BlackBox Pizzeria ehf. (80%), þar sem rekinn er einn BlackBox staður.
  - Rush Iceland ehf., þar sem rekstur Rush Trampólíngarðs er.
  - Icelandic Food Company ehf. (45%), þar sem matvælaframleiðsla fer fram.
  - TÁT ehf. (49%), þar sem rekstrareiningin Olifa La Madre Pizza er.
21. Samhliða afhendingu hins selda mun félag í sameiginlegri eigu seljenda kaupa til baka Pítuna, Saffran, Icelandic Food Company ehf. og Olifa La Madre Pizza (TÁT ehf.).
22. Þá mun annað óstofnað félag sem verður í eigu bæði kaupanda (KS og Háa klettur) og seljenda hlutafjár Gleðipinna hf. kaupa Rush Iceland ehf. sem aftur kaupir Keiluhöllina Egilshöll sportbar og Shake & Pizza sbr. viðauka við framangreindan kaupsamning sem gerður var þann 5. október 2022. Samrunaaðilar tilkynntu um þær breytingar í sérstakri samrunatilkynningu. Var sá samruni til úrlausnar samhliða máli þessu, sjá ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 12/2023.



23. Til úrlausnar í samrunamáli þessu eru kaup KS og Háa kletts á Gleðipinum hf. og hluta þess reksturs sem áður var í félaginu og dótturfélagi þess. Vegna sölu Gleðipinna og þeirra breytinga sem verða á rekstri í samstæðunni eru kaupendur í máli þessu að taka yfir hluta veitingarekstursins. Annar hluti rekstursins mun eftir framkvæmd kaupsamnings og viðauka sitja áfram hjá seljendum og fyrrum hluthöfum Gleðipinna, og enn annar hluti rekstursins verða í sameiginlegri eigu KS, HK og fráfarandi hluthafa Gleðipinna eins og áður sagði.
24. Umræddur kaupsamningur tekur því til tveggja samruna í skilningi samkeppnislaga. Fela þeir í sér að eignarhald framangreindra rekstrareininga innan Gleðipinna hf. verður með eftirfarandi hætti eftir kaupsamninginn og eftir báða þá samruna sem hann hefur í för með sér:

<b>Í eigu KS og Háa Kletts</b>	<b>Seljendur Gleðipinna hf. kaupa til baka eftirfarandi rekstrareiningar:</b>	<b>Sameiginlega í eigu KS, Háa kletts og hluthafa Gleðipinna hf. (seljenda):</b>
Hamborgarafabrikan	Pítan	Rush Trampólíngarður
Aktu Taktu	Saffran	Keiluhöllin
American Style	Olifa La Madre Pizza	Shake & Pizza
Blackbox	Icelandic Food Company	

25. Samruni þessi varðar því fyrsta dálkinn í töflunni hér að ofan, þ.e. væntanlegt og sameiginlegt eignarhald KS og Háa kletts á óstofnuðu félagi utan um alla hluti í Gleðipinum hf. og þær rekstrareiningar sem þar verða áfram eftir samrunann; Hamborgarafabrikkuna, Aktu Taktu, American Style og Blackbox.

## 1. Samrunaaðilar

26. Í samrunaskrá kemur fram að KS sé samvinnufélag með yfir 1.500 félagsmenn. KS starfi á nokkrum ólíkum mörkuðum s.s. á markaði fyrir fóður, áburð og rekstrarvörur til landbúnaðar, sölu bygginga- og rekstrarvöru, sölu dagvöru, mjólkurvinnslu, slátrun og kjötvinnslu, framleiðslu sósa og ídýfa, markaði fyrir bifreiðaviðgerðir, vélaviðgerðir og vöruflutninga innanlands, markaði fyrir prentþjónustu og innréttingasmíði. KS eigi félagið Metro ehf. í jöfnum hlutföllum með Háa kletti. Í því félagi eru reknir tveir Metro veitingastaðir. Að mati samrunaaðila er það einna helst starfsemi veitingastaða og afþreyingar sem kemur til skoðunar vegna samrunans sem hér um ræðir.
27. Samkvæmt samrunaskrá hefur KS bein eða óbein yfirráð yfir eftirtöldum félögum:

Esja Gæðafæði ehf.	100%
FISK Seafood ehf.	100%
Brennigerði ehf.	100%
Fóðurblandan ehf.	79,17%
Vörumiðlun ehf.	100%
Tengill ehf.	100%



Fóðurfélagið ehf.	100%
Nýprent ehf.	100%
Trésmiðjan Borg ehf.	100%
Sláturhús Hellu hf.	100%
Vogabær ehf.	100%
Íslenskar sjávarafurðir ehf.	100%
KS-IcePro ehf.	100%
IceCorpo Iceland ehf.	50%
Norðlensk Orka ehf.	93%
Háaborg fjárfestingar ehf.	77%
Möðrufell ehf.	50%
Feykir ehf.	100%
Sláturhús KVH ehf.	50%
Steinull hf.	50%
Metro ehf. (áður M-veitingar ehf.)	50%
Íslenskar mysuafurðir ehf.	50%
ÍSKS-BAR ehf.	50%
Foss distillery ehf.	50%
Lundey fjárfestingafélag	50%

28. Háí klettur ehf. er í eigu Árna Péturs Jónssonar. Skráður tilgangur félagsins er ráðgjafastarfsemi, kaup og sala hlutabréfa, eignarhald á hlutabréfum, kaup og sala fasteigna, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur. Félagið á 50% hlut í Metro ehf.
29. Gleðipinnar hf. er í eigu Hinir ehf., Granat ehf., Jöklaborg ehf., Þórarins Ragnarssonar, Eldheima ehf. og ÞR ehf. Gleðipinnar hf. fer með bein eða óbein yfirráð yfir eftirtöldum félögum:
- Gleðiheimar ehf. (100%). Félagið rekur eftirfarandi veitingastaði:
    - a) Aktu Taktu
    - b) American Style
    - c) Pítan Saffran
  - Nautafélagið ehf. (100%) Félagið rekur eftirfarandi veitingastað:
    - a) Íslenska hamborgarafabrikkan
  - BlackBox Pizzeria ehf. (80%) Félagið rekur eftirfarandi veitingastað:
    - a) BlackBox Pizza



- Rush Iceland ehf. (100%)
  - a) Rekstur Trampólíngarðs
- Icelandic Food Company ehf. (45%)
- TÁT ehf. (49%) Félagið rekur eftirfarandi veitingastað:
  - a) Olifa La Madre Pizza
- Í Gleðipínum hf. eru svo rekstrareiningarnar Keiluhöllin Egilshöll sportbar og Shake & Pizza eins og áður sagði.

30. Samkvæmt samrunaskrá verður ekki um samruna að félagarétti að ræða þar sem óstofnað félag kaupenda utan um Gleðipinna hf. verður rekið sem sjálfstætt félag í jafnri eigu KS og Háa kletts. Þá er ekki gert ráð fyrir að félagaréttarlegur samruni verði milli hins óstofnaða félags og Gleðipinna hf.

## 2. Markaðir málsins og staða fyrirtækja á þeim

31. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna samkvæmt 17. gr. c samkeppnislaga er nauðsynlegt að skilgreina þann markað sem samrunaaðilar starfa á. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður skilgreindur sem sölusvæði vöru og staðgönguvöru eða þjónustu og staðgönguþjónustu. Staðganga er þegar vara eða þjónusta getur að fullu eða verulegu leyti komið í stað annarrar vöru eða þjónustu. Með hliðsjón af hagfræðilegum rökum þarf að líta á viðkomandi markað út frá a.m.k. tveimur sjónarmiðum; annars vegar vöru- eða þjónustumarkaði og hins vegar landfræðilegum markaði.

32. Við skilgreiningu markaða í samrunamálum er m.a. unnt að hafa hliðsjón af fordæmum í innlendra lagaframkvæmd og í EES/ESB-samkeppnisrétti, sbr. m.a. dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 277/2012. Hins vegar verður ávallt að meta hvort aðstæður á markaði séu hinar sömu og í eldra máli. Þá liggur fyrir í samkeppnisrétti að, eðli málsins samkvæmt, geta markaðsskilgreiningar í eldri málum ekki skapað fyrirtækjum lögmætar væntingar.

### *Sjónarmið samrunaaðila*

33. Í samrunaskrá skilgreina samrunaaðilar markaði fyrir eftirtaldar vörur og þjónustur sem markaði þar sem áhrifa samrunans gætir:

- a) Veitinga- og skyndibitastaðir
- b) Tilbúnar kaldar sósur
- c) Vinnsla og sala á unnum kjötvörum

34. Verður þá fjallað um þessa markaði og sjónarmið samrunaaðila, þ.e. rökstuðning þeirra um skilgreiningu markaða annars vegar og stöðu samrunaaðila og samkeppnisaðstæður á þessum mörkuðum hins vegar.

### *Veitinga- og skyndibitastaðir á höfuðborgarsvæðinu*

35. Samrunaaðilar telja fyrst rétt að skilgreina markað þar sem áhrifa samrunans gætir sem markað fyrir veitinga- og skyndibitastaði samkvæmt samrunaskrá. Gleðipinnar hf. haldi úti nokkrum veitingastöðum eins og áður sagði en það sem varðar samruna þennan séu það Aktu Taktu, American Style, BlackBox og Íslenska Hamborgarafabrikkan. KS og Háa klettur eiga félagið Metro ehf. eins og áður sagði sem rekur tvo veitingastaði Metro. Skyndibitastaðirnir leggja áherslu á sölu hamborgara og tilheyrandi meðlæti. Þá segja samrunaaðilar að þeim þyki ekki ástæða til að þrengja skilgreininguna á markaðnum frekar með vísan til fyrri ákvarðana SE, þó



þannig að í samrunaskrá sé aðallega vísað til „fast-food“ og „casual dining“ þjónustu á veitinga- og skyndibitastöðum.

36. Að mati samrunaaðila afmarkist þessi þjónustumarkaður landfræðilega við höfuðborgarsvæðið.
37. Gleðipinnar hf. staðsetji sig á „fast-food“ og „casual dining“ hluta veitingamarkaðarins að sögn samrunaaðila. Hinn svokallaði „fast-food“ markaður einkennist af svokölluðu „take-away“ þar sem þjónustustig sé einfalt. Á „casual dining“ hluta markaðarins sé þjónustustig hærra og algengt að viðskiptavinir setjist niður og borði á staðnum. Þar sé ýmist þjónað til borðs eða pöntun tekin við afgreiðslu. Þróunin hafi verið í átt að aukinni take-away veltu á casual dining veitingastöðum að sögn samrunaaðila, en heimsfaraldurinn hafi ýtt við þeirri þróun. Pantanaþjónusta bæði Fast-Food og Casual Dining markaðarins hafi einkennst af aukinni sjálfvirknivæðingu og stafrænum lausnum í þjónustu.
38. Þá telja samrunaaðilar að þessi markaður hafi farið stækkandi með tilkomu mathalla og vegna fjölgunar erlendra ferðmanna. Að mati samrunaaðila sé hinn skilgreindi veitingamarkaður stór og samruninn geti ekki haft í för með sér skaðleg áhrif, svo sem með myndun eða styrkingu á markaðsráðandi stöðu. Samrunaaðilar vísa til fyrri ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins í máli nr. 4/2020 þar sem fjallað var um heildarveltu allra veitinga- og skyndibitastaða á Íslandi (allra í atvinnugreinaflokki ÍSAT 561); var möguleg heildarstærð markaðarins þá um 80-90 milljarðar kr. Sé einungis horft til félaga í umræddum atvinnugreinaflokki með yfir 200 m.kr. veltu á höfuðborgarsvæðinu sé heildarveltan um 40-45 milljarðar kr.
39. Í samrunaskrá er fjallað um veltu helstu keppinauta samkvæmt ársreikningnum. Samkvæmt eigin mati samrunaaðila sé áætluð heildarstærð veitinga- og skyndibitamarkaðarins 47 milljarðar kr. sem samræmist í grófum dráttum framangreindum tölum í fyrri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins frá skattyfirvöldum. Að mati samrunaaðila sé fjöldi veitingastaða starfandi, framboð mikið og nýjar innkomur á hverju ári. Aðgangshindranir séu því litlar. Mikil eftirspurnarstaðganga einkenni markaðinn þar sem neytendur hafi úr mörgu að velja.
40. Að sögn samrunaaðila sé sameiginleg velta þeirra á veitingahúsa- og skyndibitamarkaði fyrir árið 2021 er [ ]<sup>1</sup> m. kr. Markaðshlutdeild hins sameinaða fyrirtækis á markaðinum sé því áætluð um [5-10]%, miðað við að framangreinda heildarstærð markaðar. Þar af tilheyri [0-5]% markaðshlutdeild Metro ehf., sem KS og Háa klettur eiga fyrir og [0-5]% einingum Aktu Taktu, American Style, Blackbox og Hamborgarafabrickunni sem fyrirhugað er að taka yfir. Sé gengið lengra og tekið tillit til hlutdeildar KS og Háa kletts í veltu þeirri sem fyrirhugað er að annað óstofnað félag þeirra (í sameiginlegri eigu með fyrrum eigendum Gleðipinna) hafi með höndum m.a. þar sem Shake & Pizza verður starfandi, þá myndi bætast við framangreinda sameiginleg veltu innan við [0-5]% markaðshlutdeild og sameinaður markaðsstyrkur verða um [5-10]%. Af þessu megi sjá að mati samrunaaðila að samþjöppun vegna samrunans sé því lítil, komi hann til framkvæmdar.
41. Í umfjöllun um markaðsstyrk og veltu tilgreina samrunaaðilar auk þess fjölda veitingastaða sem ekki sé að finna í fyrirtækja- og ársreikningaskrá í umræddum atvinnugreinaflokki, hið minnsta ekki í samnefndum félögum. Þá sé velja mathalla ekki meðtekin í áætlun samrunaaðila á markaðsstyrk þrátt fyrir töluverðar vinsældir til marks um mögulega vantalda heildarstærð markaðarins að mati samrunaaðila og þar með ofáætlaða mögulega markaðshlutdeild samrunaaðila.

<sup>1</sup> Trúnaðarupplýsingar innan hornklofa hafa verið fjarlægðar en tölur færðar á bil.



### Tilbúnar kaldar sósur

42. Í samrunaskrá fjalla samrunaaðilar um markað fyrir tilbúnar kaldar sósur. Af samrunaskrá má ráða að samrunaaðilar telja þennan markað allt landið.
43. Þannig liggur enda fyrir að KS starfar á þessum markaði með framleiðslu og sölu á sósum undir vörumerkinu E. Finnsson og eftir atvikum undir merki Vogabæjar. Þá hefur hin yfirtekna atvinnustarfsemi, þ.e. Hamborgarafabrikan og Blackbox, tekjur í tengslum við framleiðslu og sölu á köldum sósum undir þessum vörumerkjum staðanna að sögn samrunaaðila. Að mati félaganna séu þær tekjur þó óverulegar og fyrirtækið framleiði ekki né selji sjálft sósur undir þessum merkjum. Auk þess séu engin áform uppi um að segja upp núverandi framleiðslusamningum við þá þriðju aðila sem framleiða og selja sósur undir merkjum þessara veitingastaða að sögn samrunaaðila, þannig að kaupin á veitingastaðnum og vörumerkinu hafi bein áhrif á samkeppni.
44. Yrði þrátt fyrir það litið svo á að Hamborgarafabrikan eða Nautafélagið ehf. sé keppinautur á markaði fyrir tilbúnar kaldar sósur yrði sú markaðshlutdeild óveruleg eða um [0-5]% samkvæmt áætlun samrunaaðila. Að mati samrunaaðila yrði sú samþjöppun vegna samrunans með þeirri aðferðafræði óveruleg, sem samrunaaðilar telja þó ekki rétta.
45. Að sögn samrunaaðila sé starfsemi Gleðipinna og fyrirtækja þess á markaði fyrir kaldar sósur, þ.m.t. vegna Hamborgarafabrikkunnar og Blackbox, með þeim hætti að samkomulag hafi um árabil verið í gildi og sé enn í gildi milli Gleðipinna og Kjarnavara um framleiðslu á köldum sósum undir vörumerkjum Hamborgarafabrikkunnar, Blackbox og Shake & Pizza. Á grundvelli þessa samstarfs fái Gleðipinnar greiðslur fyrir hverja selda einingu af sósum undir framangreindum vörumerkjum í sinni eigu, sem séu því vörumerkjatekjur Gleðipinna vegna framleiðslu og sölu Kjarnavara.
46. Þessu til viðbótar sé síðan í gildi einkasölusamningur milli Gleðipinna annars vegar og Krónunnar hins vegar, um að dagvöruverslanir Krónunnar hafi einkarétt til þess að selja allar vörur undir framangreindum vörumerkjum Gleðipinna, þ.m.t. Hamborgarafabrikkunnar, Blackbox, og Shake & Pizza.
47. Samkvæmt samrunaskrá voru heildartekjur Gleðipinna árið 2022 af sósusölu í Krónunni (heildarvörumerkjatekjur frá Kjarnavörum) vegna þess fyrirkomulags sem hér hefur verið lýst hvað varðar Hamborgarafabrikkuna [ ] kr., Blackbox sósur [ ] kr., og Shake & Pizza vörur [ ] kr. Að mati samrunaaðila sé því um að ræða óverulegar tekjur.
48. Líkt áður greindi breyttu aðilar kaupsamningi málsins vegna framleiðsluréttar á köldum sósum. Með viðauka við kaupsamninginn gerðu samrunaaðilar þær breytingar að réttur til framleiðslu og sölu á köldum sósum undir vörumerki Hamborgarafabrikkunnar, í eigu Nautafélagsins ehf., verði seldur til þriðja aðila, nánar tiltekið Múlakaffis ehf. Bæði væri um að ræða sósur sem væru framleiddar og seldar í dag og sósur sem kynnu að bætast við vörulínuna í framtíðinni. Þannig myndi salan á framleiðsluréttinum til Múlakaffis ehf. eiga sér stað áður en kaupsamningur kemur til framkvæmdar.
49. Af framangreindu leiðir að sögn samrunaaðila að framleiðslurétturinn fyrir sósur Hamborgarafabrikkunnar muni á engum tímapunkti verða eign eða undir yfirráðum kaupenda, þ.m.t. Kaupfélags Skagfirðinga. Þá afhentu samrunaaðilar undirritaðan kaupsamning um framangreindan framleiðslurétt. Atvinnustarfsemi og tekjur vegna annarra matvæla og sósa, þ.m.t. undir merkjum Blackbox og Shake & Pizza verður þó óbreytt. Í samruna þessum er fyrrnefndi staðurinn og tekjur útaf sósum þannig áfram hluti af hinum keyptu rekstrareiningum





þótt umfang þeirrar starfsemi á markaði fyrir kaldar sósur sé smávægileg, samanborið við kaldar sósur undir merkjum Hamborgarafabrickunnar sem samrunaaðilar hafa nú undanskilið samrunanum.

#### *Vinnsla og sala á unnum kjötvörum*

50. Samrunaaðilar vísa til þess að í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 11/2016, *Samruni KS sölu ehf., Esju Gæðafæðis ehf. og Gallerí Kjöts ehf.*, hafi það verið það niðurstaða eftirlitsins að viðkomandi markaðir væru annars vegar vinnsla og sala á ferskum kjötvörum og hins vegar vinnsla og sala á unnum kjötvörum. Að mati samrunaaðila eigi það við í þessu máli.
51. Þá er það mat samrunaaðila að á mörkuðunum vinnsla og sala á ferskum kjötvörum og vinnsla og sala á unnum kjötvörum sé landfræðilegur markaður landið allt.
52. Áhrifa samrunans gæti gætt á markaði fyrir sölu á unnum kjötvörum þar sem dótturfélög KS eru starfandi, þ.e. Esja Gæðafæði ehf., Sláturhús Hellsu hf. og Sláturhús KVH ehf. Samrunaaðilar telja þó að áhrifin verði óveruleg og eina tenging yfirtekinna rekstrareininga við KS sé viðskiptasamband Esju Gæðafæðis ehf. vegna sölu hamborgara og eftir atvikum annarra kjötvara.
53. Þá vísa samrunaaðilar til þess að Samkeppniseftirlitið hafi talið hverja kjöttegund tilheyra sérstökum markaði, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins 11/2016. Ólíklegt sé þó að mati samrunaaðila að markaðshlutdeild KS og dótturfélaga á sviði kjötvinnslu sé meiri en 15% og í fullunnu nautakjöti er hún sennilega undir 10% að sögn samrunaaðila og samkvæmt samrunaskrá þeirra.
54. Velta Esju Gæðafæðis ehf. árið 2020 var [ ] m. kr. og árið 2021 var hún [ ] m. kr. Líkt og fram kom í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 12/2021, um *samruna Norðlenska, Kjarnafæðis og SAH afurða*, var hlutdeild Kjarnafæði og Norðlenska í vinnslu og heildsölu á fersku nautakjöti til mótuneyta og veitingahúsa árið 2019 metin 25-30%. KS, Sláturhúsið Hella hf. og Esja gæðafæði ehf. var einnig með 25-30% markaðshlutdeild. Fyrir unnið kjöt voru þessi sömu félög KS með lítinn markaðsstyrk eða 5-10% markaðshlutdeild, án frekari aðgreiningar. Fyrir vinnslu og heildsölu á unnu nautakjöti voru félög KS með 10-15% markaðshlutdeild árið 2019.
55. Samrunaaðilar segja að markaðsstaða samrunaaðila og þá sér í lagi KS á umræddum markaði sem lýst sé í framangreindri ákvörðun nr. 12/2021 hafi ekki breyst. Af því má ráða að staðan endurspegli enn markaðsstyrk samrunaaðila og þar með talið KS, í dag. Að sögn samrunaaðila sé Esja gæðafæði þegar birgir veitingastaða Gleðipinna fyrir kjöt svo sem vegna hamborgararéttar og engar lóðréttar breytingar vegna þessa verði því raktar til samrunans að mati samrunaaðila.

#### *Mat Samkeppniseftirlitsins*

56. Með vísan til framangreindrar umfjöllunar og aðstæðna í máli þessu er í meginatriðum hægt að taka undir sjónarmið samrunaaðila um skilgreiningu markaðar fyrir veitinga- og skyndibitastaði.
57. Í ákvörðun nr. 4/2020, *Samruni FoodCo hf. og Gleðipinna ehf.*, fjallaði Samkeppniseftirlitið m.a. um markað fyrir veitinga- og skyndibitastaði. Samkeppniseftirlitið vísaði þó til þess að eftirlitið hefði ekki áður skipt markaðnum sérstaklega í undirmarkaði fyrir ólíkar tegundir veitingastaði. Í ákvörðuninni var þó tekið sérstaklega fram, með vísan til erlendra fordæma, að rök gætu staðið til þess að skilgreina sérstaka markaði fyrir ólíkar tegundir veitinga- og skyndibitastaða ef atvik og aðstæður á markaði krefðust þess. Í sömu erlendu fordæmum hefðu landfræðilegir markaðir



í einhverjum tilvikum einnig verið afmarkaðir og greindir staðbundið eftir samkeppnislegu aðhaldi í tiltekinni akstursfjarlægð sem dæmi. Ekki var þörf á því að taka endanlega afstöðu til markaða í því máli þar sem það hafði ekki áhrif á niðurstöðu þess.

58. Eru mögulegar þrengri markaðsskilgreiningar, svo sem eftir tegundum veitinga- og skyndibitastaða, áréttaðar eins og í ofangreindri ákvörðun nr. 4/2020 þótt það hafi ekki áhrif á niðurstöðu samrunamálsins.
59. Í ákvörðun nr. 1/2021, *Kaup Kaupfélags Skagfirðinga svf. á M-veitingum ehf.*, vísaði Samkeppniseftirlitið til skilgreiningar aðila á markaði fyrir veitinga- og skyndibitastaði, hvar M-veitingar (Metro-staðir) væru starfandi, en staðirnir leggi áherslu á sölu hamborgara og tilheyrandi meðlætis. Vegna niðurstöðu málsins og takmarkaðra áhrifa samrunans var þó ekki þörf á ítarlegri umfjöllun um vöru- og þjónustumarkaði.
60. Líkt og áður sagði áætla samrunaaðilar að markaðshlutdeild hins sameinaða fyrirtækis á markaðinum verði um [5-10]%; þar af tilheyri [0-5]% markaðshlutdeild Metro ehf., sem KS og Háa klettur eiga fyrir og [0-5]% einingum Aktu Taktu, American Style, Blackbox og Hamborgarafabrikkunni sem fyrirhugað er að taka yfir. Sé gengið lengra og tekið tillit til hlutdeildar KS og Háa kletts í veltu þeirri sem fyrirhugað er að annað óstofnað félag þeirra (í sameiginlegri eigu með fyrrum eigendum Gleðipinna) hafi með höndum m.a. þar sem Shake & Pizza verður starfandi, þá myndi bætast við framangreinda sameiginleg veltu innan við [0-5]% markaðshlutdeild og sameinaður markaðsstyrkur verða um [5-10]%. Er framangreind áætlun aðila með fyrirvörum um vanáætlaða heildarstærð markaðar og að áætlaður markaðsstyrkur sé þar með mögulega ofmetin að þeirra mati líkt og áður sagði.
61. Um markað fyrir tilbúnað kaldar sósur virðist umfjöllun samrunaaðila vera í samræmi við fyrirliggjandi fordæmi þótt ekki sé fjallað um áætlaða markaðshlutdeild aðila eftir samrunann. Í nýlegri ákvörðun nr. 1/2023, *Samruni Kaupfélags Skagfirðinga svf. og Gunnars ehf.*, ógilti Samkeppniseftirlitið samruna félaganna vegna myndunar á markaðsráðandi stöðu. Í málinu skilgreindi eftirlitið markað fyrir aðrar tilbúnaðar kaldar sósur sem innihélt að meginstefnu til sósur úr majónesi eða með majónesgrunn til aðgreiningar frá heitum sósum annars vegar og köldum sósum eins og tómatsósu, BBQ sósu eða sterkum sósum hins vegar.
62. KS, sem einnig er samrunaaðili í þessu máli vegna kaupa á Gleðipinum, var því máli talið njóta sterkar stöðu fyrir samrunann á markaði fyrir tilbúnaðar kaldar sósur. Var markaðnum skipt eftir söluleiðum til stórnotenda annars vegar og dagvöruverslana hins þegar. Miðað við veltu árið 2021 var KS vegna vörumerkis síns E. Finnsson með 45-50% markaðshlutdeild fyrir samrunann á markaði fyrir kaldar sósur til dagvöruverslana.
63. Með samruna þessum kemst m.a. veitingastaðurinn Hamborgarafabrikkan og Blackbox undir sameiginleg yfirráð m.a. Kaupfélags Skagfirðinga (KS). Samkvæmt upphaflegum samningi hefðu einnig kaldar sósur undir merkjum staðanna einnig fylgt með í kaupunum. Líkt og áður greindi eru tekjur starfseminnar vegna sölu á þessum sósum óverulegar að mati samrunaaðila eða innan við [0-5]% af heildarmarkaði. Að mati fyrirtækjanna séu þessar rekstrareiningar og veitingastaðir í raun ekki framleiðendur eða seljendur að sósum. Allt að einu hafa samrunaaðilar gert breytingar á kaupsamningi málsins þannig að framleiðsluréttur að sósum Hamborgarafabrikkunnar, sem séu vinsælustu sósur í rekstri Gleðipinna, er seldur til þriðja aðila, nánar tiltekið Múlakaffis ehf. Umræddar sósur og sá efnahagslegi styrkleiki sem þeim fylgir færast því ekki til KS við kaupun.



64. Að sögn samrunaaðila eru auk þess ekki fyrirhugaðar breytingar á framleiðslu eða sölu þessara sósa að öðru leyti, þ.m.t. hvað varðar Blackbox (og Shake & Pizza sem þó er ekki til skoðunar í þessum samruna). Er möguleg aukning markaðshlutdeildar samrunaaðila, þ.m.t. KS á þessum markaði því lítil vegna samrunanna.
65. Við athugun á áhrifum á markað fyrir framleiðslu og sölu á ferskum kjötvörum annars vegar, og unnum kjötvörum hins vegar, var í máli þessu horft til ákvarðana Samkeppniseftirlitsins nr. 11/2016 og 12/2021. Er slíkum vörumörkuðum auk þess skipt frekar eftir tegundum kjöts og eftir söluleiðum til dagvöruverslana annars vegar og stórnotenda hins vegar.
66. Af markaðsgreiningu Samkeppniseftirlitsins vegna samrunaákvörðunar nr. 12/2021 má sjá að fyrir það síðasta rekstrarár sem þar var greint (2019) voru rekstrareiningar KS á þessum markaði með 5-10%, 10-15% eða 25-30% eftir því hvaða undirmarkaður átti í hluti. Sé litið eingöngu til hamborgara sem unnar kjötvörur úr nautakjöti hafði KS undir nafni Esju gæðafæðis 10-15% markaðshlutdeild í vinnslu og heildsölu. Athugun eftirlitsins nú bendir ekki til þess að verulegar breytingar hafi orðið að þessu leyti, sem áhrif hafi á niðurstöðu þessa máls.

### 3. Áhrif samrunans

67. Samkvæmt samrunaskrá er það álit samrunaaðila að samkeppnisleg áhrif samrunans séu óveruleg. Starfsemi samrunaaðila KS sé margvísleg og á mörgum ólíkum mörkuðum. Að því leyti sem starfsemi samrunaaðila skarist með láréttum hætti þá séu samkeppnisleg áhrif samrunans allt að einu lítil, eða í hið minnsta ekki með þeim hætti að markaðsráðandi staða verði til eða samkeppni raskist með umtalsverðum hætti að öðru leyti að sögn samrunaaðila.
68. Í umsögn Kjarnavara dags. 19. desember 2022 var lýst yfir sérstökum áhyggjum yfir áhrifum beggja samruna vegna sölu Gleðipinna hf. Vísaði félagið til stærðar samrunaaðila og þá einkum KS, bæði fyrir og eftir samruna. Samrunaaðilinn myndi í kjölfar þessara samruna hafa efnahagslegan hvata og getu til þess að útiloka keppinauta, hvort svo er vegna lóðréttrar samþættingar eða annarrar samþættingar eða tvinnunar innan samsteypu sinnar, m.a. til þess að takmarka aðgengi annarra framleiðenda að viðskiptavinum, en einnig til þess að útiloka aðra veitingastaði frá aðföngum. Að mati Kjarnavara hafi KS þegar getu og hvata til þess að viðhafa markaðshegðun sem hafi útilokandi áhrif í för með sér á þeim mörkuðum, hvar samstæða KS starfar og þeir möguleikar verði síst minni ef þessir samrunar verði þeir heimilaðir.
69. Um lóðrétt áhrif taka samrunaaðilar fram að það sé ekki hagur KS að beita stöðu sinni á markaði fyrir kjötvörur eða fyrir tilbúnar kaldar sósur til þess að útiloka keppinauta sína, hvorki á aðliggjandi né fráliggjandi markaði. Veitingastaðir Gleðipinna kaupi þegar aðföng af KS. Þá sé auk þess aðeins um að ræða lítinn hluta markaðarins fyrir veitinga- og skyndibitastaði að þeirra mati, sem skipti máli við mat á mögulegum áhrifum samrunans. Að mati samrunaaðila hafi þeir og KS sérstaklega því ekki efnahagslegan hvata eða getu til þess að útiloka aðra keppinauta á þeim markaði frá aðföngum félagsins, enda myndi það skaða félagið, svo sem í ljósi þeirrar samkeppni sem sé ríkjandi á heildsölumörkuðum.
70. Til viðbótar framangreindu taka samrunaaðilar fram að þær rekstrareiningar sem verið sé að kaupa séu aðeins undir sameiginlegum yfirráðum KS og HK, eða félaganna tveggja auk hinna mörgu fyrrum hluthafa Gleðipinna. Þær séu því ekki undir yfirráðum KS eingöngu (e. sole control). Umræddar rekstrareiningar KS á framleiðslu og heildsölustigi séu reknar með sjálfstæðum hætti, sem og hinir yfirteknu veitingastaðir eða afþreyingarstaðir. Samrunaaðilar hafna því sjónarmiðum keppinauta um að KS eða samrunaaðilar geti nýtt aðstöðu sína til þess að útiloka keppinauta vegna stöðu sinnar á mörkuðum málsins.



### Mat Samkeppniseftirlitsins

71. Að mati Samkeppniseftirlitsins var ástæða til þess, við athugun á samruna þessum, að huga að samkeppnishindrunum sem stafað geta af því að stór matvöruframleiðandi geri sig mjög gildandi á öðrum sölustigum, eins og veitingahúsarekstri. Undir vissum kringumstæðum geta slíkir aðilar komist í aðstöðu til að útiloka keppinauta og takmarka samkeppni.
72. Í þessu máli liggur fyrir að félög KS á eru þegar birgjar bæði Metro og yfirtekinna veitingastaða Gleðipinna fyrir kjötafurðir og aðrar tengdar matvörur. Þótt félögin hafi sterkan efnahagslegan hvata til þess að beina viðskiptum sínum ekki til annarra framleiðenda eða birgja skapar það ekki forsendur til íhlutunar í þessu máli, að mati Samkeppniseftirlitsins. Ástæður þessa eru eftirfarandi.
73. Gögn máls þessa gefa til kynna að markaðshlutdeild samrunaaðila á markaði fyrir veitinga- og skyndibitastaði sé enn ekki það há að ástæða sé til íhlutunar á grundvelli mögulegra útilokunaráhrifa.
74. Einnig gefa gögn Samkeppniseftirlitsins til kynna að hlutdeild samrunaaðila á markaði fyrir vinnslu ferskrar og unnar kjötvöru úr nautakjöti sé töluvert undir 30%. Þannig hefur þýðingu í máli þessu að fleiri keppinautar starfa á markaði fyrir slátrun og vinnslu ferskrar og unnar kjötvöru.
75. Að því er varðar markað fyrir framleiðslu og sölu á tilbúnum köldum sósum hefur nýleg rannsókn á kaupum KS á Gunnars majónesi, sbr. ákvörðun nr. 1/2023, leitt í ljós að KS hefur um 45-50% markaðshlutdeild, miðað við veltu árið 2021, í sölu og framleiðslu þessara vara til dagvöruverslana, en félagið framleiðir og selur tilbúnaðar sósur undir merkjum E. Finnsson.
76. Með samruna þessum kemst m.a. veitingastaðurinn Hamborgarafabrikan og Blackbox undir sameiginleg yfirráð m.a. Kaupfélags Skagfirðinga (KS). Samkvæmt upphaflegum samningum fylgdu einnig með kaldar sósur undir merkjum staðanna, sem aukið hefðu markaðshlutdeild samrunaaðila á markaðnum. Undir rekstri málsins hafa samrunaaðilar hins vegar gert breytingar á kaupsamningi málsins þannig að framleiðsluréttur að sósum Hamborgarafabrickunnar, sem eru vinsælustu sósur í rekstri Gleðipinna, hefur verið seldur til þriðja aðila, Múlakaffis ehf. Umræddar sósur og sá efnahagslegi styrkleiki sem þeim fylgir færast því ekki til KS við kaupin.
77. Með þeim breytingum á kaupsamningi málsins samkvæmt ákvörðun samrunaaðila, verða lárétt áhrif samrunans á markaði fyrir tilbúnaðar kaldar sósur mun minni en ella. Þau skaðlegu áhrif sem Samkeppniseftirlitið upplýsti samrunaaðila um, m.a. á fundum vegna rannsóknarinnar eru því mun minni en rannsókn eftirlitsins leiddi í ljós. Enda yfirtekin framleiðsla og framleiðsluréttur á sósum mun minni en annars hefði orðið, og þar með talinn mögulegur vöxtur KS á umræddum markaði. Þau láréttu áhrif á markaði fyrir tilbúnaðar kaldar sósur sem samruninn hefur í för með sér fela því í sér óverulega aukningu samrunaaðila sem ekki gefur tilefni til íhlutunar að mati Samkeppniseftirlitsins.
78. Að mati Samkeppniseftirlitsins er ekkert í upplýsingum eða gögnum málsins sem bendir til þess að markaðshlutdeild samrunaaðila og afleidd samþjöppun verði svo há eða að öðru leyti með þeim hætti að lárétt áhrif samrunans verði umfram viðmið í samkeppnisrétti. Með hliðsjón af öllu framangreindu er það einnig mat Samkeppniseftirlitsins að lóðrétt áhrif eða samsteypuáhrif samrunans verði heldur ekki slík að hið sameinaða fyrirtæki geti eða hafi hvata til þess að útiloka keppinauta sína með þeim hætti að ógilda þurfi samrunann..



#### IV. Niðurstaða

79. Það er niðurstaða rannsóknar Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til íhlutunar vegna samruna þessa, þar sem ekki eru forsendur til að ætla að markaðsráðandi staða sé að verða til eða styrkjast með samrunanum, eða að samkeppni raskist á skilgreindum mörkuðum að öðru leyti með umtalsverðum hætti.
80. Líkt og áður sagði hafa samrunaaðilar vegna sölu Gleðipinna hf. einnig tilkynnt um annan samruna vegna sama kaupsamnings, um breytingar á eignarhaldi á öðrum rekstrareiningum sem áður voru innan Gleðipinna eða dótturfélaga þess. Er fjallað um þær yfirráðabreytingar, möguleg samkeppnisleg áhrif og aðrar viðkomandi rekstrareiningar í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 12/2023.

#### V. Ákvörðunarorð

**„Kaup Kaupfélags Skagfirðinga svf. og Haa kletts ehf. á Gleðipinum hf. felur í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið mun ekki aðhafast frekar vegna samrunans.**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson